

Flame ehf.
Ljósakri 6
210 Garðabær

Reykjavík, 20. ágúst 2024
UST202405-057/B.B.B.
07.00

Málslok

Umhverfisstofnun vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 2.7.2024 um niðurstöðu eftirlits þar sem gerðar voru kröfur um úrbætur á vörunum C Vitamin Cream og Vitamin C & E Facial Cleansing balm sem fyrirtækið Flame ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Fyrirtækið hefur orðið við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur og gerir stofnunin því ekki frekari athugasemdir, svo framarlega sem vörurnar séu ekki í sölu öðruvísi en í samræmi við úrbætur sem það hefur lagt fram vegna málsins og merktar með uppfærðum merkingum sem hafa verið staðfestar af stofnuninni.

Að framansögðu telst máli þessu sem hófst með bréfi dags. 7.5.2024 lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með snyrtivörum sem féllu undir umfang verkefnisins og á þeim tíma sem eftirlitið fór fram. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Flame ehf. setur á markað standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings og lögfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023 með síðari breytingum.

Gefinn verður út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð kr. 20.800,-.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðinga stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur varðandi eftirlitið og eftirlitsverkefnið eða Fífu Konráðsdóttur varðandi snyrtivörur í síma 591-2000 eða gegnum netföngin bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is eða fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar.

Virðingarfyllst,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur